

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORDURLANDI VESTRA



# ÁRSSKÝRSLA

2019

## 2019

## EFNISYFIRLIT

STARFSMENN SSNV 2019 .....	2
STJÓRN 2018-2020 .....	3
SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2019 .....	4
SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA 2015-2019.....	8
Markmið sóknaráætlunar .....	8
Fjármagn .....	8
Samráðsvettvangur sóknaráætlunar .....	8
Áhersluverkefni .....	8
Greinargerð úthlutunarnefndar .....	9
VIÐAUKASAMNINGUR VIÐ SÓKNARÁÆTLUN 2015-2019 .....	11
NÝR SAMNINGUR UM SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA 2020-2024 .....	12
IÐNAÐARUPPBYGGING Á NORÐURLANDI VESTRA .....	13
SSNV ATVINNUÞRÓUN .....	14
SAMSTARF Á VETTvangi FERÐAÞJÓNUSTUNNAR .....	17
DIGI2MARKET .....	19
SAMGÖNGU- OG INNVIÐAÁÆTLUN .....	21
HLAÐVARPSPÆTTIR .....	23
„UPPBYGGING SMÁVIRKJANA“ - SMÁVIRKJANASJÓÐUR SSNV .....	24
FERÐ SVEITARSTJÓRNARFÓLKS TIL BORNHOLM 25.-27. MARS 2019.....	25
AÐ KOMA NORÐURLANDI VESTRA OG SSNV Á KORTIÐ .....	26
SVEITARSTJÓRNARVETTvangur EFTA .....	27
ÁRSREIKNINGUR .....	28

## STARFSMENN SSNV 2019



Unnur Valborg Hilmarsdóttir  
*framkvæmdastjóri*



Davíð Jóhannsson  
*atvinnuráðgjafi / ferðamál*



Katharina Ruppel  
*skrifstofu- og bókhaldsstörf*



Ingibergur Guðmundsson  
*verkefnisstjóri / atvinnuráðgjafi*



Sólveig Olga Sigurðardóttir  
*atvinnuráðgjafi*



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir  
*atvinnuráðgjafi*

## STJÓRN 2018-2020



Stjórn 2018-2020 - Kjörin á 2. haustþingi  
þann 19. október 2018 á Blönduósi:

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður  
Álfhildur Leifsdóttir, varaformaður  
Ragnhildur Haraldsdóttir  
Stefán Vagn Stefánsson  
Valdimar O. Hermannsson

Varastjórn:

Dagný Rósa Úlfarsdóttir  
Gunnsteinn Björnsson  
Halldór G. Ólafsson  
Ingveldur Ása Konráðsdóttir  
Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir

# SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2019

Það er óhætt að segja að árið 2019 hafi verið viðburðarríkt í starfi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra en þetta var 28. starfsár samtakanna. Ef ramma á starfið inn í eina setningu gæti hún hæglega verið *Horft til framtíðar* þar sem markmiðasetning og framtíðarsýn fyrir landshlutann var þungamiðja starfsins þetta árið.

Það sem hæst bar var tvímælalaust vinna við gerð nýrrar sóknaráætlunar og undirritun nýrra samninga þar um síðari hluta ársins. Með nýjum samningi eru áhrif og völd heimamanna yfir þeim fjármunum, sem til svæðisins eru veittir, fest í sessi og rýmkuð enn frekar. Samhliða vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar voru unnar sviðsmyndir atvinnulífs til ársins 2040. Einnig var samþykkt ný samgöngu- og innviðaaætlun fyrir Norðurland vestra og þá fóru sveitarstjórnarmenn á starfssvæðinu í vel heppnaða kynnisferð til Bornholm. Eru þá aðeins tekin örfá dæmi um það sem hæst bar.

Stjórn samtakanna fundaði 11 sinnum, auk þess sem stjórnarmenn tóku þátt í hinum ýmsu viðburðum, svo sem sameiginlegum fundum landshlutasamtakanna, fundum með stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, fundi sveitarstjórnarvettvangs EFTA, fundum með þingnefndum, þingmönnum kjördæmisins o.s.frv.

Ársþing samtakanna var haldið þann 5. apríl í Menningarhúsinu Miðgarði. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa fluttu Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis og Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, ávörp. Á þinginu var Samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra samþykkt samhljóða.

Haustþing samtakanna var haldið þann 18. október í Húsi frítímans á Sauðárkróki. Auk hefðbundinna starfa þingsins fluttu Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis og Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, ávörp. Á þinginu var ný Sóknaráætlun 2020-2024 jafnframt kynnt og samþykkt samhljóða.

## Ný sóknaráætlun landshlutans

Viðamesta verkefnið á árinu var tvímælalaust vinna við gerð nýrrar sóknaráætlunar landshlutans. Ráðgjafar KPMG voru fengnir til samstarfs. Var mikil áhersla lögð á samráð við íbúa svæðisins. Haldnir voru fjórir íbúafundir í tengslum við vinnuna. Þrír þeirra voru minni fundir sem settir voru upp í hverri sýslu. Einnig var haldinn stórfundur fyrir allt svæðið. Þessu til viðbótar var við upphaf vinnunnar gerð íbúakönnun. Þegar talin er þátttaka í öllu þessu má segja að á fimmta hundrað íbúa Norðurlands vestra hafi komið að gerð áætlunarinnar með einum eða öðrum hætti.



Frá íbúafundi í tengslum við gerð sóknaráætlunar í Miðgarði í september 2019.

### Sviðsmyndir atvinnulífs

Samhliða vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar voru mótaðar fjórar sviðsmyndir um framtíð atvinnulífs á svæðinu til ársins 2040. Voru þær nýttar til að draga fram og styðja við þá helstu áherslupætti sem sóknaráætlun landshlutans nær yfir. Sviðsmyndagreining er leið til þess að horfa inn í framtíðina og sjá hvernig hún getur þróast fyrir ákveðin fyrirtæki, atvinnugreinar, stofnanir eða félagasamtök. Hún er tilraun sem ætlað er að skilgreina hvaða drifkraftar eru líklegir til að móta framtíðina og kanna hvaða áhrif þróun þeirra mun hafa á starfsumhverfi okkar.

Sviðsmyndirnar geta aukið gæði stefnumótunar í atvinnumálum og samfélagsuppbyggingu, áætlanagerð og rýni þeirra, auk þess að koma að gagni við framsetningu hugmynda gagnvart hagsmunaaðilum, íbúum, sveitarfélögum og stjórnvöldum.

Á sama tíma geta þær hjálpað okkur að sjá hvert við viljum ekki fara og þá hvenær og hvernig bregðast á við ef við færumst í þá átt. Vinnu við sviðsmyndirnar lýkur á árinu 2020 og verða þær þá kynntar fyrir sveitarstjórnarmönnum og íbúum svæðisins.

### Samgöngu- og innviðaaætlun

Á haustþingi árið 2018 var skipuð 7 manna samgöngu- og innviðanefnd. Tilgangurinn með skipan nefndarinnar var að marka stefnu fyrir Norðurland vestra í samgöngumálum, gera grein fyrir helstu áætlunum og forgangsraða verkefnum. Í áætluninni er fjallað um samgöngu- og innviðamál í víðum skilningi en dregnar eru þar saman upplýsingar um, auk samgangna, veitur, raforkukerfi, fjarskiptamál o.fl. Áætlunin var lögð fyrir ársþing í apríl og þar samþykkt samhljóða.

Áætlunin er yfirgripsmikið plagg sem þegar hefur sannað gildi sitt. Það að hafa í höndum áætlun sem unnin er í samvinnu allra sveitarfélaganna á starfssvæðinu eykur slagkraft í brýnum úrbótamálum og er ánægjulegt að sjá að nú þegar hafa mál sem í áætluninni eru ratað inn í samgönguáætlun ríkisins.

### Styrkir og áhersluverkefni

Sem fyrr hafa verkefni tengd Sóknaráætlun Norðurlands vestra verið fyrirferðarmikil í starfinu. Má þar nefna úthlutun styrkja, ýmis áhersluverkefni, sérstök verkefni vegna viðaukasamninga og gerð kannana meðal styrkþega um umsóknar- og samningsferlið. Af áhersluverkefnum má nefna verkefni um smávirðjanir sem fram var haldið á árinu þegar tveir aðilar fengu styrk til áframhaldandi vinnu við virðjanakosti á sínum jörðum.

Á árinu lauk jafnframt vinnu við greiningu á kolefnisspori landshlutans en það var í fyrsta skipti sem unnin var slík vinna fyrir heilan landshluta og hafa fleiri fylgt í kjölfarið. Í tengslum við þá vinnu var haldin fjölsótt ráðstefna á Húnavöllum 28. maí undir yfirskriftinni „Hvað eigum við að gera?“.

Af áhersluverkefnum má jafnframt nefna stuðning við ferðaþjónustuverkefni, svo sem Norðurstrandarleið og greiningar og kannanir á umhverfi ferðaþjónustunnar í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands. Norðurslóðarverkefnið, Digi2Market, hefur jafnframt haldið áfram en það miðar að því að auðvelda fyrirtækjum sem staðsett eru fjarri markaði að koma vörum sínum og þjónustu á framfæri. Síðar í skýrslunni er fjallað sérstaklega um nokkur áhersluverkefni.

### Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra

Á síðari hluta ársins náðist stór áfangi þegar samningar náðust við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um nýtingu

fjármuna til uppbyggingar iðnaðarstarfsemi á Norðurlandi vestra. Gerður var viðaukasamningur við áður gerðan samning þar sem samtökunum var heimilað að ráða sérstakan starfsmenn sem bæri ábyrgð á verkefninu til tveggja ára. Samningur þessi er mikilvægt næsta skref í því að fjölga atvinnutækifærum í landshlutanum. Mun nýr verkefnisstjóri taka til starfa á árinu 2020 og strax hefjast handa við þetta mikilvæga verkefni.

### Starfsmenn

Engar breytingar urðu á starfsmannahópi samtakanna. Í lok árs 2019 voru starfsmenn samtakanna eftirtaldir: Davíð Jóhannsson, ráðgjafi á sviði ferðamála, Ingibergur Guðmundsson, verkefnisstjóri sóknaráætlunar, Katharina Ruppel, bókarí, Sólveig Olga Sigurðardóttir, atvinnuráðgjafi, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, atvinnuráðgjafi og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri. Þessir 6 starfsmenn eru samtals í 5,25 stöðugildum.

Frá ráðstefnu um umhverfismál á Húnavöllum 28. maí 2019.





Starfsmenn SSNV á árinu 2019, Davíð Jóhannsson, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Sólveig Olga Sigurðardóttir, Ingibergur Guðmundsson, Katharina Ruppel og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir.

Að framantöldu má sjá að sem fyrr er í nógu að snúast á vettvangi samtakanna og í raun má segja að árið hafi verið ár markmiðasetningar og framtíðarsýnar sem verður spennandi og um leið krefjandi að ráðast í að vinna að. Stjórn vill færa starfsmönnum þakkir fyrir vel unnin störf í þágu samfélagsins á Norðurlandi vestra og ánægjulegt samstarf. Vinna við gerð nýrrar sóknaráætlunar sýndi svo ekki verður um villst að hugur er í íbúum til eflingar og sóknar landshlutans. Það er mikilvægt að finna að sá kraftur er til staðar og á honum verður byggt í vinnu í átt að þeim markmiðum sem sett voru á árinu.



# SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA 2015-2019

Árið 2019 var síðasta árið af fimm ára samningi um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019. Framkvæmd samningsins gekk vel.

## Markmið sóknaráætlunar

Samkvæmt 1. grein samningsins er markmið hans: „að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna“.

Í 2. gr. samningsins er kveðið á um að gerð sé sóknaráætlun til 5 ára sem sé jafnframt þróunaráætlun landshlutans. Áætlunin skal ná til fjögurra efnisflokka; a) menningarmála, b) nýsköpunar og atvinnuþróunar, c) uppbyggingu mannauðs og d) lýðfræðilegrar þróunar svæðisins. Sóknaráætluninni er skipt í þrennt: a) *Sóknaráætlun landshlutans*, b) *Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra* og c) *Áhersluverkefni*.

## Fjármagn

Fjármagn frá ríkinu til samningsins árið 2019 var alls 81.707.766 kr. Við bætist framlag sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 7.419.000 kr. Auk þessa voru viðaukasamningar að upphæð 30.000.000 kr. Vaxtatekjur 2018 voru 494.816 kr. Alls eru þetta 119.621.582 kr.

Skipting fjárisins var sem hér segir: a) Uppbyggingarsjóður 60.000.000 kr., sem skiptist jafnt milli menningarmála og atvinnuþróunar/nýsköpunar, b) áhersluverkefni 24.655.074 kr., c) viðaukasamningar 27.966.508 kr. og d) umsýsla 7 millj. kr.

## Samráðsvettvangur sóknaráætlunar

Ekki var haldinn fundur í Samráðsvettvangi Sóknaráætlunar 2015-2019. Hins vegar var opið samráðsferli vegna nýs samnings um Sóknaráætlun Nl.v. Sjá síðar í ársskýrslunni.

## Áhersluverkefni

Áhersluverkefni ársins voru 10 talsins. Verkefnin eru:

Okkar áfangastaður

Kynningarátak gagnvart erlendum ferðaheildsölum

Styrking gæða og þjónustuinnviða

Framleiðsla myndefnis

Matarauður Norðurlands vestra

Uppbygging smávirkjana

Íbúakönnun á Norðurlandi vestra

Stafræn borg

Norðurstrandarleiðin – Artic Coast Way

Kolefnisspor Norðurlands vestra

- Upphæð: 3.000.000 kr.

- Upphæð: 650.000 kr.

- Upphæð: 2.000.000 kr.

- Upphæð: 1.350.000 kr.

- Upphæð: 5.000.000 kr.

- Upphæð: 2.000.000 kr.

- Upphæð: 1.000.000 kr.

- Upphæð: 4.655.074 kr.

- Upphæð: 4.000.000 kr.

## Greinargerð úthlutunarnefndar

### Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra

Í starfsreglum úthlutunarnefndar segir svo í 1. lið: „7. Nefndin skal árlega skila greinargerð til ársþings SSNV um starf sitt.“ Hér á eftir fylgir því stutt yfirlit yfir starfsemina á árinu 2019.

### Úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs 2018-2020

Á haustþingi SSNV, 19. október 2018, fór fram kjör í úthlutunarnefnd og fagráð til tveggja ára, 2018-2020:

#### Úthlutunarnefnd:

Lárus Ægir Guðmundsson, formaður, Sigríður Svavarsdóttir, Þorsteinn Jóhannes Guðmundsson, Jóhanna Ey Harðardóttir og Adolf H. Berndsen

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar:

Jóhanna Ey Harðardóttir, formaður, Gunnsteinn Björnsson, Erla Gunnarsdóttir, Gunnar Tryggvi Halldórsson og Rakei Runólfssdóttir

#### Fagráð menningar:

Adolf H. Berndsen, formaður, Björg Baldursdóttir, Þórunn Helga Þorvaldsdóttir, Jón Örn Stefánsson og Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson.

Guðbrandur Ægir sagði sig frá störfum í fagráði menningar í nóvember 2018. Ekki var skipaður fulltrúi í hans stað vegna úthlutunar styrkja fyrir árið 2019.

### Úthlutun styrkja fyrir árið 2019

Á fundi stjórnar SSNV, 2. október 2018, voru samþykktar verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2019. Því næst var auglýst eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til og með 22. nóvember 2018. Dreifibréf var sent inn á öll heimili og fyrirtæki á Norðurlandi vestra, auglýst var í sjónvarpsvísunum á svæðinu, í héraðsfréttablaðinu Feyki og á rafrænu svæðismiðlunum; feykir.is og huni.is. Þá var reglulega minnt á úthlutunina á svæðismiðlunum en einnig voru vinnustofur á svæðinu auglýstar sérstaklega. Auk þessa voru ýmsir svæðispóstlistar notaðir til að auglýsa og minna á umsóknarfrestinn, sem og heimasíður aðildarsveitarfélaganna.

Eins og árið áður þurftu umsækjendur að sækja um í gegnum rafræna umsóknargátt og gekk það vel. Alls bárust 109 umsóknir þar sem óskað var eftir 185 milljónum í styrki. Úthlutunarnefnd vísaði 8 umsóknum frá vegna formgalla en aðrar umsóknir fóru til umfjöllunar í fagráðunum sem lögðu svo tillögur sínar fyrir úthlutunarnefnd. Á fundi úthlutunarnefndar, 15. janúar 2019, ákvað nefndin að úthluta 72 styrkjum til 62 aðila, alls að upphæð 65, 5 millj. kr. Styrkupphæðir voru frá 100 þús. kr. til fjögurra milljóna.

Formleg úthlutun styrkja fór fram í Félagsheimilinu Ljósheimum, Skagafirði, 3. febrúar, að viðstöddum hátt í 100 manns, styrkþegum, ráðherra, forsvarsmönnum SSNV og fleirum. Listar yfir styrkhafa 2019 og önnur atriði er snerta úthlutun styrkja eru á heimasíðu SSNV.

### Úthlutun styrkja fyrir árið 2020

Í ársskýrslu 2020 verður farið yfir umsóknar- og úthlutunarferli fyrir það ár.

### Kannanir

Gerðar voru tvær kannanir vegna Uppbyggingarsjóðsins. Fyrst var gerð könnun meðal allra umsækjenda eftir að umsóknarfresti lauk en einnig var gerð könnun meðal styrkhafa 4 mánuðum eftir úthlutun styrkja. Þátttaka í könnunum var um 50% og voru niðurstöður í heildina mjög jákvæðar.

### Fundargerðir

Fundargerðir úthlutunarnefndar er að finna á heimasíðu SSNV.

Hildur Þóra Magnúsdóttir, stofnandi Pure Natura og styrkþegi Uppbyggingarsjóðs, flytur ávarp á úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs í Ljósheimum í Skagafirði í febrúar 2019.



## VIÐAUKASAMNINGUR VIÐ SÓKNARÁÆTLUN 2015-2019

Á árinu var gerður viðaukasamningur við Sóknaráætlun Norðurlands vestra vegna **Hitaveituvæðingar Óslandshlíðar, Viðvíkursveitar og Hjaltadals**. Styrkurinn á rætur að rekja til stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024 (liður C1) en fer í gegnum farveg Sóknaráætlunar landshlutanna og þar með landshlutasamtökin. Er styrkurinn veittur til undirbúnings þessa mikilvæga verkefnis en ætla má að lagning hitaveitu á þessu svæði muni stórbæta búsetuskilyrði þar. Heildarupphæð styrksins var kr. 5 milljónir.

Á árinu 2018 var í fyrsta sinn veittur stuðningur úr þessum lið byggðaáætlunar. Þá hlaut verkefnið **Innviðaupbygging vegna gagnavers á Blönduósi** stuðning til fjögurra ára, 2018-2021. Heildarupphæð stuðningsins við verkefnið var kr. 95 milljónir, 20 milljónir á árinu 2018 en svo 25 milljónir á ári á árunum 2019-2021.

Nú eru því tvö verkefni á Norðurlandi vestra sem hafa notið stuðnings í gegnum þennan lið byggðaáætlunarinnar.



Frá undirritun viðaukasamninga við Sóknaráætlunir með vísan í lið C-1 á byggðaáætlun á Hótel Laugarbakka í júní 2019.

# NÝR SAMNINGUR UM SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA 2020-2024

Samningar um sóknaráætlanir landshluta voru undirritaðir 12. nóvember 2019 í ráðherrabústaðnum í Reykjavík.

Samningana undirrituðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir og formenn eða framkvæmdastjórar landshlutasamtakanna. Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri, undirritaði fyrir hönd SSNV.

Samningurinn er í meginatriðum lítt breyttur frá fyrri samningi nema að fast fjármagn frá ríki til Sóknaráætlunar Norðurlands vestra jókst nokkuð. Samningurinn má finna á heimasíðu SSNV.

## Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024

Ný Sóknaráætlun Norðurlands vestra fyrir árin 2020-2024 var samþykkt samhljóða á haustþingi samtakanna sem fram fór þann 18. október sl. á Sauðárkróki. Vinna við gerð áætlunarinnar stóð yfir frá því á vordögum. Lögð var rík áhersla á víðtækt samráð við íbúa og aðra hagaðila og má ætla að vel á fimmta hundrað manns hafi komið að gerð áætlunarinnar með einum eða öðrum hætti.

Í áætluninni er unnið út frá fjórum lykilmálaflokkum: a) atvinnuþróun og nýsköpun, b) menningarmálum, c) umhverfismálum og d) menntun og lýðfræðilegri þróun.

Í hverjum málaflökki eru sett markmið og jafnframt tilgreind dæmi um aðgerðir.

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í sóknaráætlunum landshluta er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af meginmarkmiðum byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.



Fulltrúar landshlutasamtaka ásamt ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála og ráðherra mennta- og menningarmála við undirritun nýrra sóknaráætlanasamninga í ráðherrabústaðnum í nóvember 2019.

## IÐNAÐARUPPBYGGING Á NORÐURLANDI VESTRA

Í september undirrituðu Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála,- iðnaðar og nýsköpunarráðherra og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, viðauka við þjónustusamning um mat á uppbyggingu nýrrar iðnaðarstarfsemi í Austur Húnavatnssýslu.

Með viðaukanum veitir ráðuneytið SSNV 21 m.kr. styrk til greiningar á iðnaðarkostum sem gætu hentað Norðurlandi vestra, gerð kynningarefnis og beinnar kynningar fyrir fjárfestum. Markmið þessa samnings er að fjölga fyrirtækjum og störfum á Norðurlandi vestra.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála,- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, við undirritun viðaukasamningsins.

Styrkveitingin byggir á þingsályktunartillögu frá 2013 um áttak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu til atvinnuuppbyggingar. Tilgangur tillögunnar var að skapa þann fjölda starfa sem nauðsynlegur er til að stöðva varanlega fólksfækkun í Austur-Húnavatnssýslu. Markmiðið var einnig að efla samkeppnishæfni svæðisins og vinna að markaðssetningu þess, svo sem fyrir gagnaver.

Árið 2016 gerðu ráðuneytið og SSNV þjónustusamning um greiningu á möguleikum á uppbyggingu nýrrar iðnaðarstarfsemi á svæðinu og var þá verkefnið víkkað út og nær nú yfir Norðurland vestra allt. Tók samningurinn mið af mikilvægi þess að efla fjölbreytt atvinnulíf á svæðinu sem nýtti eftir kostum fyrirliggjandi innviði. Horft var til þess að bæði gæti verið um að ræða uppbyggingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stærri iðnaðarstarfsemi.

Viðaukasamningurinn snýst um að leggja mat á það hversu raunhæfar þær hugmyndir, sem fram koma í greiningum sem fyrir liggja, eru út frá m.a. alþjóðlegri tækni- og viðskiptaþróun. Einnig á að gera viðskiptaáætlun og markaðsgreiningu fyrir þau verkefni sem talin eru raunhæf og fara í beina markaðssetningu á þeim verkefnum sem metin eru raunhæfust. Til verksins verður ráðinn verkefnisstjóri sem mun hefja störf á fyrri hluta árs 2020.

Viðaukasamningurinn gildir til loka janúar 2022.

## SSNV ATVINNUPRÓUN

Á árinu var sem fyrr unnið að margvíslegum verkefnum hjá SSNV atvinnuþróun. Verkefni sem um ræðir fela í sér fjölbreytta ráðgjöf til frumkvöðla, fyrirtækja, félaga og stofnana. Starf SSNV atvinnuþróunar miðar meðal annars að því að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki á Norðurlandi vestra við þróun viðskiptahugmynda, stofnun fyrirtækja, markaðs- og rekstrarráðgjöf.

Töluverður hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og aðstoð við gerð áætlana og umsókna til hvers kyns sjóða og lánastofnana. Þá hefur eftirspurn aukist eftir aðstoð við rekstraráætlanir og markaðs- og kynningarstarf.

Atvinnuráðgjafar SSNV unnu að fjölmörgum verkefnum á árinu og hér að neðan má sjá hvernig verkefni skiptast niður í flokka eftir viðfangsefnum og tíma.

Undanfarin ár hefur þjónusta atvinnuráðgjafa beinst aðallega að verkefnum tengdum ferðamálum og veitingaþjónustu eða um 50% fyrir 2019.



Þátttakendur í námskeiði í skipulagningu og utanumhaldi viðburða í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Oft á tíðum skarast verkefni tengd SSNV atvinnuþróun við verkefni sóknaráætlunar að því leyti að verkefni sóknaráætlunar eru að miklu leyti atvinnuþróun/ráðgjöf til styrkþega.

Starfsfólk SSNV atvinnuþróunar hefur annast framkvæmd Uppbyggingarsjóðsins, þ.e. eftirfylgni með verkefnum og því til viðbótar fer drjúgur hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa í ráðgjöf og aðstoð við gerð umsókna í sjóðinn og einnig áframhaldandi aðstoð við verkefni að lokinni styrkveitingu.

SSNV stóð fyrir námskeiði í skipulagningu og utanumhaldi viðburða sem haldið var á Blönduósi. Námskeiðið var ætlað aðilum sem eru að skipuleggja og halda utan um stóra og smáa viðburði og höfðu áhuga á að sækja sér viðbót í verkfærakistuna sína. Farið var yfir hluti svo sem markmiðasetningu, markhópa, dagskrárgerð og kynningarmál. Eygló Rúnarsdóttir, aðjúnkt við HÍ, kennari í viðburðastjórnun, var leiðbeinandi á námskeiðinu.

Atvinnuráðgjafar SSNV juku enn frekar við þjónustu sína og hófu að veita ráðgjöf yfir netið í febrúar. Notast er við fjarfundaforritið Zoom. Framtakinu hefur verið vel tekið og almennt mikil ánægja með þjónustuna.

Í maí var haldin vinnustofa um markaðs- og kynningarmál fyrir söfn, setur og sýningar. Umsjón vinnustofunar var í höndum Guðrúnar Helgu Stefánsdóttur, markaðs- og kynningarstjóra Borgarsögusafns Reykjavíkur, sem einnig hefur komið að kennslu í þessum málaflökki í Háskóla Íslands. Á vinnustofunni fór Guðrún Helga yfir þær kynningarleiðir sem hafa gagnast henni vel fyrir þau mismunandi söfn sem eru undir hatti Borgarsögusafnsins og hvernig þær leiðir gátu hugsanlega nýst á svæðinu. Vinnustofan var hluti af áhersluverkefnum 2018/2019 á sviði ferðaþjónustu og var þátttakendum að kostnaðarlausu.

SSNV hóf að auglýsa laus störf á svæðinu í gegnum heimasíðu samtakanna í maí. Þá geta sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sent upplýsingar um störf í boði á starfsmann SSNV. Starfsmenn SSNV vakta einnig aðrar starfasíður og heimasíður sveitarfélaga og koma þannig upplýsingum um laus störf inn á heimasíðu samtakanna. Þetta verkefni var eitt af þeim verkefnum sem komu fram eftir heimsókn sveitarstjórnarfulltrúa á svæðinu til Borgundarhólms, þar sem kynnt voru verkefni þess sveitarfélags.

Samtökin stóðu fyrir ráðstefnu í umhverfismálum á Húnavöllum í maí sem bar yfirskriftina Hvað eigum við að gera? Á ráðstefnunni kynnti Stefán Gíslason fyrstu niðurstöður greiningar á kolefnisspori Norðurlands vestra. Auk erindis Stefáns voru flutt erindi um heimsmarkmiðin, tengingu heimsmarkmiða inn í stefnumótun sveitarfélaga og landsskipulagsstefnu, sauðfjárþæðing og loftslagsmál, matarsóun, og reynslusögu fjölskyldu af flokkun. Ráðstefnuninni var streymt í gegnum facebook síðu samtakanna og er upptakan aðgengileg þar, sem og á youtube síðu samtakanna.



SSNV, ásamt öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaga og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, stóð fyrir málstofu í september sem bar heitið Tækifæri dreifðra byggða. Málþingið fór fram á sex stöðum og var streymt yfir netið. Á málþinginu voru fjölmörg erindi sem tengdust fjórðu iðnbyltingunni og tækifærin sem felast í henni. Almenn ánægja var með málþingið og eru upptökur þingsins aðgengilegar á heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar.

SSNV er þátttakandi í fyrirtækjakönnun landshlutanna sem Vífill Karlsson hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hefur unnið um nokkurra ára skeið. Er þetta í annað sinn sem samtökin taka þátt í könnuninni. Könnunin var send út á fyrirtæki á svæðinu, allt frá einyrkjum til stærri fyrirtækja og annarra sem hafa fólk í vinnu. Í könnuninni er leitað eftir viðhorfi forsvarsmanna fyrirtækja á landsbyggðinni til núverandi stöðu þeirra og framtíðarhorfa. Er það liður í því að bæta þekkingu opinberra aðila og almennings á stöðu atvinnulífsins á landsbyggðinni. Niðurstöður könnunarinnar geta nýst til að meta betur mögulegan stuðning sem SSNV gæti veitt til fyrirtækja á svæðinu. Könnunin var send út í lok árs 2019 en niðurstöður eru væntanlegar 2020.



## SAMSTARF Á VETTVANGI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Samstarf SSNV og ferðaþjónustunnar á Norðurlandi vestra, sem sett var á laggirnar árið 2014, hélt áfram með virku starfi Fagráðs ferðaþjónustunnar. SSNV leggur til atvinnuráðgjafa með áherslu á ferðamál og starfar hann með Fagráði ferðaþjónustunnar sem í sitja fulltrúar ferðamálafélaganna í Húnaþingi vestra, Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði.

Fagráðið skipuðu árið 2019:  
Edda Brynleifsdóttir, f.h. Ferðamálafélags  
Austur-Húnavatnssýslu  
Evelyn Ýr Kuhne, f.h. Félags  
ferðaþjónustunnar í Skagafirði  
Sigurður Líndal Þórisson, f.h.  
Ferðamálafélags Húnaþings vestra  
Unnur Valborg Hilmarsdóttir, f.h. SSNV

Ráðgjafi á sviði ferðamála hjá SSNV, sem starfar með fagráðinu, er Davíð Jóhannsson. Ráðgjafinn kemur einnig að einstökum samstarfsverkefnum sem spröttin eru á öðrum vettvangi, auk þess sem hann er tengiliður á milli sveitarstjórna, stjórnarsýslunnar og greinarinnar sjálfrar.

Í samstarfssamningi verkefnisins er lagt upp með að; a) skapa virkari og öflugri samstarfsvettvang á ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, b) skjóta sterkari stoðum undir afkomu og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja á Norðurlandi vestra, c) greina og kortleggja ímynd, vöruframboð og stöðu greinarinnar í landshlutanum í því skyni að leggja grunn

að áframhaldandi uppbyggingu og vexti ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, d) styðja við vöruþróun og markaðs- og kynningarstarf ferðaþjónustufyrirtækja í því skyni að það verði faglegra og árangursríkara.

Samstarfið hefur almennt virkað mjög vel og er orðið mun áþreifanlegra og sýnilegra á öllu svæðinu. Meðlimir einstakra félaga eru með tímanum orðnir meðvitaðri og jákvæðari gagnvart gildi samstarfs á stærra svæði og fleiri hugmyndir farnar að kvikna að sameiginlegum verkefnum. Vettvangurinn hefur skapað grundvöll fyrir faglegar uppákomur sem nýtast öllu svæðinu og var „Haustdagur ferðaþjónustunnar“, sem í þetta sinn var haldinn í formi „óráðstefnu“ á Laugarbakka í Miðfirði í nóvember, ákveðinn hápunktur þess. Þar voru alls 15 málefni, sem þátttakendur völdu sjálfir, rædd og krufin og hafa nokkur þeirra verið tekin til áframhaldandi úrvinnslu.

Samráðsvettvangurinn virkaði t.d. vel sem ákveðinn bakhjarl og tengiliður við fyrirtækin á svæðinu þegar kom að skipulagningu og framkvæmd á matarhátíðinni „Réttur food festival“ sem haldin var í fyrsta sinn í ágúst og þótti takast með afbrigðum vel.



# RETTIR FOOD FESTIVAL



01 Réttir food festival var haldin á Norðurlandi vestra í fyrsta skiptið á árinu 2019 við mjög góðar undirtektir.

02 Frá opnun Arctic Coastway við Hvammstanga í maí 2019. Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdstjóri Markaðsstofu Norðurlands klippa á borðann.

Skv. nýjum samningi um samstarfsvettvanginn, sem undirritaður var fyrirpart árs og gildir til vors 2021, er ráðgert að Fagráð komi saman fjórum til sex sinnum, ýmist á netinu eða á staðarfundi. Einn þessara funda er samráðsfundur með sveitarfélögunum, þar sem þau senda sveitarstjóra, oddvita eða annan starfsmann, sem kemur að málefnum tengdum ferðapjónustu í viðkomandi sveitarfélagi. Fyrirhugað er að þessum samráðsfundum verði fjölgað í tvo og er það einkum hugsað með tilliti til umsókna í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og nauðsynlegan undirbúningstíma þeirra.

Í maí opnaði Norðurstrandarleið (Arctic Coast Way), sem hefur verið í undirbúningi um nokkra hríð með aðkomu fjölmargra ferðapjónustuaðila og sveitarfélaga á öllu Norðurlandi. Leiðin nær frá Hvammstanga í vestri að Bakkafirði í austri og eru væntingar um að með tilkomu hennar glæðist umferðin á strandlengjunni, sem að mestu liggur utan hringvegarins enda margt áhugavert þar að sjá og upplifa. SSNV hefur stutt við verkefnið með styrkjum úr Uppbyggingarsjóði sem og Áhersluverkefnum.

## DIGI2MARKET

SSNV er þátttakandi í Norðurslóðaverkefni sem kallast Digi2Market, sem útfærst gæti á íslensku sem *Stafræn leið til markaðar*. Verkefninu er ætlað að taka á ýmsum áskorunum sem fyrirtæki á jaðarsvæðum kunna jafnan að glíma við, svo sem smæð markaðar, fjarlægð frá markaði og einangrun. Áætlað er að verkefninu ljúki árið 2021.

Markmið verkefnisins er m.a. að nýta nýjungar í stafrænum markaðs- og söluhugbúnaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki staðsett fjarri markaði og aðstoða þau við að nýta sér stafræna möguleika til sölu og markaðssetningar.

Aðrir þátttakendur í verkefninu eru WESTBIC, ICBAN, Udaras na Gaeltachta, University of Ulster og Karelia University.

Samstarfsaðilar í verkefninu hittust á öðrum verkefnafundi á Hótel Laugarbakka í apríl. Verkefnafundirnir eru nýttir til þess að fara yfir stöðu hvers verkefnishluta, sem hver og einn samstarfsaðili ber ábyrgð á, ásamt því að móta framhald þess. Sveinbjörg Rut Pétursdóttir kynnti svo verkefnið á ársfundi Byggðastofnunar í sama mánuði. Í júní var auglýst eftir fyrirtækjum til að taka þátt í verkefninu, þá fyrirtæki sem koma til með að tileinka sér og nýta stafræna tækni í markaðssetningu. Í ágúst var auglýst eftir samstarfsaðilum sem sáu sér hag í þátttöku í verkefninu og eins var auglýst eftir markaðssérfræðingi til að leiða vinnuna í stafrænni markaðssetningu með þátttakendum. Gengið var til samninga við fyrirtækið *Tjarnargatan* og mun það sinna



Frá öðrum samráðsfundi samstarfsaðila í verkefninu Digi2Market á Hótel Laugarbakka í apríl 2019.



hugmyndavinnu, hönnun, framleiðslu, birtingarráðgjöf og eftirfylgni vegna mynd-, hljóð-, prent- og vefefnis fyrir þátttakendur. SSNV væntir mikils af þessu samstarfi enda hefur Tjarnargatan á síðustu árum verið leiðandi fyrirtæki þegar kemur að slíkri þjónustu.

Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum í september með ráðstefnuninni *Aukin markaðshlutdeild með stafrænum lausnum*. Markmiðið með ráðstefnunni var að kynna verkefnið og möguleika sýndarveruleika þegar kemur að markaðssetningu. Ráðstefnan var haldin í Menningarhúsinu Miðgarði og var streymt á facebook síðu samtakanna. Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna, opnaði ráðstefnuna formlega og hafði orð á því að verkefnið Digi2Market væri sérstaklega í anda fjórðu iðnbyltingunnar sem mun fela í sér heilmörg tækifæri fyrir landsbyggðina.

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, atvinnuráðgjafi SSNV, tók næst til máls og kynnti verkefnið en hún leiðir það fyrir hönd samtakanna. Tvenn erindi voru í beinu streymi frá höfuðborgarsvæðinu en það voru Melkorka Sigríður Magnúsdóttir frá Icelandic Startup og Einar Benedikt Sigurðsson frá Tjarnargötunni. Meðal annarra fyrirlesara voru Freyja Rut Emilsdóttir frá 1238, Edda Sólveig Gísladóttir frá Kapli og Hörður G. Kristinsson og Holly T. Kristinsson frá Matís. Þriðji verkefnafundur samstarfsaðila í Digi2Market var svo haldinn í Enniskillen á Norður-Írlandi í október. Sveinbjörg Rut Pétursdóttir fór fyrir hönd SSNV en með henni í för var Einar Benedikt Sigurðsson frá Tjarnargötunni. Farið var yfir stöðu verkefnisins, hvaða áföngum væri náð og hvaða áfangar stæðu eftir. Fundurinn nýttist vel fyrir framhald verkefnisins og sköpuðust góðar og gagnlegar umræður.

## SAMGÖNGU- OG INNVIÐAÁÆTLUN

Á haustþingi SSNV í október árið 2018 var skipuð samgöngu- og innviðanefnd sem hafði það hlutverk að marka stefnu fyrir Norðurland vestra í samgöngumálum, gera grein fyrir helstu áætlunum og forgangsráða verkefnum.

Í nefndina voru skipaðir fulltrúar allra sveitarfélaganna á starfssvæði samtakanna, sjö talsins:



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, Valdimar O. Hermannsson, stjórnarmaður og Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV, afhenda Sigurði Inga Jóhannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra.

### Aðalmenn:

Alexandra Jóhannesdóttir, *Sveitarfélagið Skagaströnd*

Dagný Rósa Úlfarsdóttir, *Skagabyggð*

Drífa Árnadóttir, *Akrahreppur*

Einar K. Jónsson, *Húnavatnshreppur*

Guðmundur Haukur Jakobsson, *Blönduósbær*

Indriði Þór Einarsson, *Sveitarfélagið Skagafjörður*

Magnús Magnússon, *Húnaþing vestra*

### Varamenn:

Eyþór Einarsson, *Akrahreppur*

Guðný Hrund Karlsdóttir, *Húnaþing vestra*

Halldór G. Ólafsson, *Sveitarfélagið*

*Skagaströnd*

Magnús Björnsson, *Skagabyggð*

Rannveig Lena Gísladóttir, *Blönduósbær*

Sveinn Úlfarsson, *Sveitarfélagið Skagafjörður*

Þorleifur Ingvarsson, *Húnavatnshreppur*

Stjórn SSNV skipaði Einar K. Jónsson formann nefndarinnar. Með nefndinni störfuðu Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV og Sólveig Olga Sigurðardóttir, atvinnuráðgjafi. Nefndin fundaði fjórum sinnum og á milli funda vann starfsfólk SSNV að gagnaöflun og textagerð skýrslu í samráði við formann. Nefndarmenn söfnuðu þeim upplýsingum á sínum svæðum sem þörf var á, auk þess að notast var við upplýsingar sem aðgengilegar eru á kortavefsjá SSNV og fengnar voru hjá Vegagerðinni, RARIK, Landsneti, Póst- og fjarskiptastofnun og víðar. Einnig var gerð könnun á fjarskiptasambandi í dreifbýli á starfssvæðinu til að fá skýrari mynd af raunverulegri stöðu mála þar sem fyrirbyggjandi mælingar á fjarskiptasambandi eru gerðar á þjóðvegum eða stofn/tengivegum við allra bestu skilyrði. Oft er það svo að þegar heim að bæjum er komið er staðan allt önnur og þótti nauðsynlegt að ná betur utan um raunverulega stöðu á heimilum og vinnusvæðum í dreifbýli.

Skýrslan var lögð fyrir 27. ársþing SSVN í apríl og var samþykkt í stjórn SSVN í júní. Skýrslan var send þingmönnum og ráðuneytum, auk þess sem vísað hefur verið í hana í umsögnum hinna ýmsu þingmála og samantektum sem unnar hafa verið fyrir ráðuneyti, stofnanir og Samband íslenskra sveitarfélaga. Hefur hún reynst afar mikilvægur stuðningur við að ýta á bráðnauðsynlegar úrbætur á innviðum í landshlutanum. Eftir að skýrslan kom út hafa tvær framkvæmdir ratað inn á samgönguáætlun sem ekki voru þar áður.



## HLAÐVARPSPÆTTIR



Á árinu var ákveðið að ráðast í gerð 30 hlaðvarpspáttá með viðtölum við einstaklinga á Norðurlandi vestra sem eru að gera áhugaverða hluti. Þættirnir fengu heitið Fólkið á Norðurlandi vestra og eru hugsaðir til kynningar á íbúum landshlutans og þeim fjölmörgu áhugaverðu verkefnum sem þeir taka sér fyrir hendur. Samið var við FM Tröllu um eftirvinnslu og birtingu, bæði á útvarpsstöð sinni og á hlaðvarpsveitum.

Skemmst er frá því að segja að þættirnir hafa fengið frábærar viðtökur og munu síðustu þættirnir fara í loftið á árinu 2020.

Hlaðvarpsþættir SSNV eru aðgengilegir á heimasíðu samtakanna og helstu hlaðvarpsveitum.






## „UPPBYGGING SMÁVIRKJANA“ - SMÁVIRKJANASJÓÐUR SSNV

Eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra bar heitið; Uppbygging smávirkjana. Markmið verkefnisins var að fjölga smávirkjunum í landshlutanum, þ.e. virkjunum undir 10 MW og þar með skjóta frekari stoðum undir búsetu í dreifbýli í landshlutanum.

Eins og fram kom í ársskýrslu SSNV 2018 þá var í desember það ár úthlutað styrkjum til 8 aðila vegna Skrefs 1 sem er frumúttekt á virkjunarmöguleikum. Samið var við verkfræðistofuna Mannvit um framkvæmd verkefnisins.



**SMÁVIRKJANASJÓÐUR**

Í ágúst 2019 komu niðurstöður Mannvits og af þessum 8 verkefnum töldust 4 virkjanamöguleikar hagstæðir. Í framhaldi af því voru auglýstir styrkir fyrir Skref 2 sem eru áframhaldandi rennslisrannsóknir, frumhönnun virkjunar og kostnaðar. Þrjár aðilar sóttu um og að tillögu fagráðs var tveimur þeirra veittur framkvæmdarstyrkur í nóvember, hvorum um sig að upphæð 1,5 millj. kr.



## FERÐ SVEITARSTJÓRNARFÓLKS TIL BORNHOLM 25.-27. MARS 2019

Eitt af hlutverkum SSNV er að stuðla að samvinnu og auka þekkingu sveitarstjórnarmanna á starfssvæðinu. Í anda þessa skipulögðu samtökin kynnisferð fyrir sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra til Bornholm, danskrar eyju í Eystrasalti, síðla síðasta vetrar. Í ferðina fóru hátt í 40 sveitarstjórnarmenn og komu heim margs vísari.

Eyjan Bornholm, suðaustur af Skáni (Suður-Svíþjóð), er tæplega 600 ferkílómetrar eða sem nemur rúmlegum þriðjung af Skaga en þar búa nú um 40.000 manns. Þegar best lét upp úr 1980 stefndi íbúafjöldinn í 50.000 en síðan hefur samfélagið háð mikla varnarbaráttu gegn fólksfækkun.

Í þessu stutta stoppi á eyjunni fékkst góð kynning ráðamanna á því hvernig reynt hefur verið að snúa þessari þróun við og kom þar margt fróðlegt í ljós. Atvinnulíf helgast mjög af landbúnaði (svínarækt) og ferðapjónustu, sem er mjög árstíðabundin en með ýmsum leiðum hefur önnur atvinnuþbygging tekið að rísa á undanförunum árum. Heimsóknir, t.d. í repjuvinnslu, súkkulaðiverksmiðju og í miðstöð fyrir endurvinnslu, listir og smáframleiðslu í anda sjálfbærni, gáfu hugmynd um starfsemi sem sýna þá viðspyrnu sem reynt hefur verið að ná. Þá þótti ferðalöngunum og merkileg sú nálgun sem eyjaskeggjar hafa að lokka til sín nýja íbúa. Þar er stolt og jákvæðni gagnvart samfélaginu í forgrunni og mikið lagt í að nýir íbúar fái sem mýksta lendingu í að aðlagast lífinu á eyjunni.

Allt í allt var þetta vel lukkuð ferð sem gaf þátttakendum ýmislegt til að hugsa um og máta við „sinn heimavöll“.




Hópurinn við lok ferðar í Kaupmannahöfn.

## AÐ KOMA NORÐURLANDI VESTRA OG SSNV Á KORTIÐ

Undanfarin misseri hefur verið lögð áhersla á að miðla upplýsingum úr starfi samtakanna. Heimasíða og samfélagsmiðlar hafa verið nýttir til þess og jafnframt hafa svæðismiðlar verið ötulir í að koma upplýsingum á framfæri. Einnig hafa fréttir af miðlum samtakanna ratað í landsmiðlana og þannig vakið athygli á landshlutanum í heild.

Eins og fyrri ár var gerður samningur við sjónvarpstöðina N4 um vinnslu innsлага af svæðinu. Á þeirra miðlum birtust yfir 60 innsög og/eða viðtöl sem auk hefðbundis áhorfs í sjónvarpi fengu hátt í 100 þúsund áhorf á samfélagsmiðlum.

Ef skýrsla Fjölmiðlavaktarinnar er skoðuð má glöggjt sjá nokkuð jafnan stíganda í fjölda fréttu af starfi samtakanna á netmiðlum ef borin eru saman árin 2016–2019. Efni á N4 er ekki inni í talningu fjölmiðlavaktarinnar. Fjöldi fréttu í prentmiðlum og sjónvarpi helst nokkuð jafn en hafa ber í huga að vægi netmiðla verður sífellt meira á kostnað prentmiðla og sjónvarps.



Fjöldi fréttu um SSNV í fjölmiðlum.

Góð kynning á starfi samtakanna eykur vitund um starfemi þeirra innan svæðis sem utan. Góð kynning innan svæðis gerir það að verkum að fleiri hafa tækifæri til að nýta þá þjónustu sem samtökin hafa upp á að bjóða. Kynning utan svæðis vekur athygli á landshlutanum öllum. Er þessi þáttur því mikilvægur í starfi samtakanna og verður áfram lögð áhersla á hann í starfinu.

## SVEITARSTJÓRNARVETTANGUR EFTA

19. fundur sveitarstjórnarvettvangs EFTA fór fram í Hurdal í Noregi dagana 27.-28. júní. Vettvangurinn tók til starfa árið 2010 til að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins í EES-EFTA samstarfinu. Í honum eiga sæti sex kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá Íslandi og Noregi og tveir áheyrnarfulltrúar frá Sviss. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands. Landshlutasamtökin eiga fulltrúa í vettvangnum skv. skiptireglu og á SSNV fulltrúa í vettvangnum fram á mitt ár 2020.

Alla jafna eru það formenn landshlutasamtakanna sem sitja fundi vettvangsins. Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV, sat fundinn í Hurdal. Til umfjöllunar voru, auk yfirferðar yfir helstu mál í hverju landi fyrir sig, siðferðileg álitamál tengd gervigreind og sjálfbærni samfélaga.



Frá fundi sveitarstjórnarvettvangs EFTA í Hurdal í Noregi í júní.

# ÁRSREIKNINGUR